



**Viðbót við samstarfssamning
AkureyrarAkademíunnar og ReykjavíkAkademíunnar
frá 21. apríl 2021**

Í samstarfssamningnum er kveðið á um að samstarfsaðilar útfæri nánar fyrirkomulag á eftirfarandi ákvæði samningsins og miðli á sínum vettvangi: „AkureyrarAkademían veitir fræðimönnum sem leigja vinnuaðstöðu hjá ReykjavíkAkademíunni vinnuaðstöðu í húsnæði stofnunarinnar sé óskað eftir því og slíkt er mögulegt. Sömuleiðis veitir ReykjavíkAkademían fræðimönnum sem leigja vinnuaðstöðu í AkureyrarAkademíunni vinnuaðstöðu sé þess óskað og slíkt er mögulegt.“

Stjórnir AkAk og RA eru sammála um að þegar fræðimenn Akademianna nýta sér ofangreint ákvæði þá verði miðað við endurgjaldslaus afnot af vinnuaðstöðu allt að einum mánuði. Aðgangur að vinnuaðstöðu samkvæmt þessu er þó kominn undir því að fyrir hendi sé laus aðstaða hverju sinni en Akademiurnar munu þó kappkosta að útvega vinnuaðstöðu þegar eftir henni er leitað. Fræðimenn sem hafa áhuga á nýta sér þennan möguleika hafi samband við skrifstofu viðkomandi Akademiú.

Aðgangur fræðimanna að annarri þjónustu Akademianna er alltaf opin og endurgjaldslaus.

Stjórnirnar eru enn fremur sammála um að miða við að afnot fræðimanna af gagnkvæmri vinnuaðstöðu sem stendur í 5 daga eða lengur ljúki með því að viðkomandi fræðimaður haldi stutt erindi um það verkefni sem unnið var að. Þá er æskilegt að fræðimenn sem staldra styttra við þakki fyrir sig á sama hátt.

Gert þann 15. desember 2021

Attekkiður Steingunnar
AkureyrarAkademíunnar